

# Skólanámskrá Heilsuleikskólans Álfasteins



## HEILSULEIKSKÓLINN ÁLFASTEINN

-með sól í hjarta

Heilsuleikskólinn Álfasteinn

Hörgársveit 604 Akureyri

Sími: 460 1760

Netfang: [alfasteinn@horgarsveit.is](mailto:alfasteinn@horgarsveit.is)

Veffang: [alfasteinnhorgarsveit.is](http://alfasteinnhorgarsveit.is)

## Efnisyfirlit

<b>Skólanámskrá</b> .....	<b>2</b>
<b>Heilsuleikskólinn Álfasteinn</b> .....	<b>2</b>
<b>Stefna, markmið og leiðir</b> .....	<b>3</b>
<b>Heilsustefnan</b> .....	<b>4</b>
<b>Grænfánaverkefnið</b> .....	<b>5</b>
<b>Jákvæður agi</b> .....	<b>6</b>
<b>Námssvið leikskóla</b> .....	<b>7</b>
<b>Læsi og samskipti</b> .....	<b>7</b>
<b>Heilbrigði og vellíðan</b> .....	<b>8</b>
<b>Sjálfbærni og vísindi</b> .....	<b>8</b>
<b>Sköpun og menning</b> .....	<b>9</b>
<b>Lýðræði og jafnrétti í leikskólastarfi</b> .....	<b>9</b>
Jafnréttisáætlun .....	10
Fjölmenningsstefna .....	11
<b>Leikur og nám</b> .....	<b>11</b>
<b>Sérkennsla - stoðþjónusta</b> .....	<b>12</b>
<b>Samstarf</b> .....	<b>13</b>
<b>Foreldrasamstarf</b> .....	<b>13</b>
<b>Samvinna leik- og grunnskóla í Hörgársveit</b> .....	<b>14</b>
<b>Samstarf við nærsamfélagið</b> .....	<b>15</b>
<b>Mat á starfi leikskólans</b> .....	<b>16</b>
<b>Námsmat</b> .....	<b>16</b>
<b>Innra mat</b> .....	<b>17</b>
<b>Ytra mat</b> .....	<b>17</b>
<b>Lög og reglugerðir</b> .....	<b>18</b>

## Skólanámskrá

Heilsuleikskólinn Álfasteinninn vinnur eftir menntastefnu íslenskra stjórnvalda sem birt er í Aðalnámskrá leikskóla 2011. Skólanámskrá skólans er útfærsla leikskólans á Aðalnámskrá. Hún er unnin af starfsfólki leikskólans og hefur þróast í gegnum árin en er endurskoðuð reglulega, nú síðast veturinn 2021 - 2022. Hún tekur mið af áhuga barnanna ásamt sjónarmiðum foreldra og starfsfólks. Fræðslunefnd Hörgársveitar og foreldraráð leikskólans yfirfór námskrána reglulega í ferlinu ásamt því að skólaþróunarsvið Háskólans á Akureyri veitti faglega ráðgjöf. Skólanámskráin er því eins konar sáttmáli um hvaða leiðir leikskólinn ætlar að fara í starfsaðferðum og samskiptum til að efla menntun barnanna og stuðla að starfsþróun og fagmennsku innan leikskólans.



## Heilsuleikskólinn Álfasteinninn



Leikskólinn er fjöggra deilda, Ljósálfadeild fyrir 1 árs, Álfadeild fyrir 2 – 3 ára, Dvergadeild og Trölladeild báðar fyrir 3-6 ára. Hann er opinn frá 7:45 til 16:15

Einkunnarorð okkar eru „**Með sól í hjarta.**“ Mikil áhersla er lögð á umhyggju fyrir barninu sem einstaklingi með réttindi og skyldur. Barnið á rétt á að þroskast í gegnum leik á eigin forsendum eins og frekast er unnt og velja sér viðfangsefni undir leiðsögn kennara.

Í leikskólanum á að vera gaman að leika sér og vera til. Því er virðing, vinátta og jákvæðni höfð þar að leiðarljósi í öllum samskiptum svo börnin geti tileinkað sér sterka sjálfsmynd, sjálfsaga og lífsgleði.

Leitast er við að börnin læri að bera virðingu fyrir náttúrunni og njóta hennar. Í daglegu starfi er því leitað í og fjallað um það umhverfi sem næst er barninu, barnið sjálft og fjölskyldu þess. Lögð er áhersla á að viðhalda íslenskum siðum og venjum, jafnhliða því að opna augu barnanna fyrir fjölmenningu og fjölbreytileika lífsins.

## Stefna, markmið og leiðir

Námssvið leikskóla eru sett fram í Aðalnámskrá leikskóla 2011. Þau eiga að vera samþætt og samofin öllu starfi leikskóla og taka mið af sex grunnþáttum menntunar sem eru læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun. Námssviðin byggjast á skapandi og gagnrýninni hugsun og tengjast leik og daglegum athöfnum í leikskólanum. Námssviðin eru fjögur:

1. Læsi og samskipti.
2. Heilbrigði og vellíðan.
3. Sjálfbærni og vísindi.
4. Sköpun og menning.



Meginmarkmið Álfasteins taka mið af námssviðunum fjórum.

Þessi markmið eru:

- Að börnin efli leik- og sköpunargleði sína. (Sköpun og menning)
- Að börnin hafi virðingu og vináttu að leiðarljósi í samskiptum. (Læsi og samskipti)
- Að börnin verði meðvituð um og læs á náttúruna og umhverfið. (Sjálfbærni og vísindi)
- Að börnin verði meðvituð um mikilvægi hreyfingar og hollustu. (Heilbrigði og vellíðan)

Leiðir að markmiðunum eru:

*Að börnin efli leik- og sköpunargleði sína.*

- Gefum frjálsum leik og listsköpun alltaf nægan tíma og rúm í dagskipulagi skólans.
- Stuðlum að því að börnin öðlist öryggi í leik- og listsköpun.
- Hvetjum börnin til að leika sér og skapa, bæði ein og í hóp.
- Stuðlum að því að börnin geti tekið sjálfstæðar ákvarðanir um val á viðfangsefnum.
- Hvetjum börnin til að vinna út frá eigin skynjun og hugmyndum.
- Höfum aðgengilegan margskonar efnivið í listsköpun og leik sem vekur forvitni og rannsóknarlöngun barnanna.

*Að börnin hafi virðingu og vináttu að leiðarljósi í samskiptum.*

- Hvetjum börnin til að sýna öðrum hlýlegt og vingjarnlegt viðmót.
- Leggjum áherslu á að börnin læri að leysa úr ágreiningsmálum.
- Hvetjum börnin til að nýta sér Jákvaðan aga til að auka félagsfærni sína og lífsleikni.

- Heilsumst og tókum undir kveðjur með bros á vör.
- Erum vakandi fyrir því að hrósa og hvetja börnin.
- Erum heiðarleg og hreinskilin í samskiptum hvert við annað.
- Hvetjum börnin til að eiga frumkvæði og sýna sjálfstæði í starfi.
- Hvetjum börnin til að tala saman og hlusta hvert á annað.



*Að börnin verði meðvituð um og læs á náttúruna og umhverfið.*

- Kynnum fyrir börnunum dýr og gróður.
- Förum í vettvangs- og gönguferðir.
- Kynnum börnunum endurvinnslu og mikilvægi hennar fyrir náttúruna.
- Kynnum börnunum breytileika náttúrunnar frá einni árstíð til annarrar.

*Að börnin verði meðvituð um mikilvægi hreyfingar og hollustu.*

- Bjóðum upp á hollt og gott fæði.
- Stuðlum að daglegri hreyfingu barnanna úti og inni.
- Fræðum börnin um næringu og heilbrigði gegnum leik og starf.
- Eflum líkamsvitund barnanna og aukum hreyfifærni þeirra.

Með þessum markmiðum og leiðum viljum við ýta undir alhliða þroska barna á leikskólaaldri. Við viljum að þau öðlist góða sjálfsvitund, fái mikla æfingu í félagslegum samskiptum, ásamt því að efla forvitni sína og færni til þekkingaröflunar.

Til að gera starfið markvisst hafa verið innleidd ákveðin verkefni í starfi skólans, þau eru; Heilsustefnan, Grænfánaverkefni Landverndar og Jákvæður agi. Sérstök læsisstefna er líka í undirbúningi. Þessi verkefni voru valin þar sem áherslur þeirra falla vel að markmiðum skólans og þeirri sýn sem hann vill standa fyrir.

## Heilsustefnan

Álfasteinn er Heilsuleikskóli og meginmarkmið heilsustefnunnar er að auka gleði og vellíðan barna með áherslu á næringu, hreyfingu og listsköpun í leik.

Heilsustefnan á rætur að rekja til leikskólans Urðarhóls í Kópavogi og Unnar Stefánsdóttur. Í Heilsustefnunni er lögð áhersla á hollt og fjölbreytt fæði þar sem eitt markmiðanna er að auka grænmetis- og ávaxtaneyslu barna. Boðið er upp á ferskmeti þar sem allur matur er unninn á staðnum og lögð áhersla á að nota harða fitu, salt og sykur í hófi. Við samsetningu matseðla er tekið mið af markmiðum Heilsustefnunnar og Lýðheilsustöðvar varðandi næringu barna og næringarfræðingur yfirfer þá reglulega.

Börn í heilsuleikskóla fá skipulagðar hreyfistundir 1 – 2 sinnum í viku þar sem markmiðið er að auka samhæfingu, jafnvægi, kraft og þor barnanna. Í leikskólanum er stór íþróttasalur með rimlum, klifurvegg og öllum þeim búnaði sem þarf til svo hreyfingin verði sem fjölbreyttust.



Skapandi vinna í anda heilsustefnunnar lýtur að alhliða þroska barna, þau æfast í samhæfingu handa og augna, öðlast sjálfstraust og læra að nota eigið hugvit. Börnin öðlast færni í að koma hugmyndum sínum á framfæri í máli, myndum, söng og leikrænni tjáningu.

Við upphaf leikskólagöngu fær hvert barn Heilsubók barnsins og fylgir hún því í gegnum leikskólagönguna. Heilsubókin er þroska- og færnisráning barnsins, miðuð við áherslur Heilsustefnunnar. Bókin hefur að geyma útfærð skráningablöð varðandi heilsufar, hæð og þyngd, lífsleikni, úthald, þekkingu á litum og formum, hreyfifærni, næringu og svefn ásamt færni tengdri listsköpun. Skráningin gerir kennurum kleift að fylgjast með þroskaframvindu barnsins og er einnig tæki til að upplýsa foreldra um stöðu þess í leikskólanum. Heilsubókin er yfirfarin með foreldrum í foreldrasamtölum sem eru í afmælistánuði barnsins hverju sinni.



### Grænfánaverkefnið

Skólar á grænni grein er alþjóðlegt verkefni til að auka umhverfismennt og styrkja umhverfisstefnu í skólum. Þeir skólar sem vilja komast á græna grein í umhverfismálum leitast við að stíga svokölluð skrefin sjö. Þegar því marki er náð fá skólarnir leyfi til að flagga Grænfánanum næstu tvö ár, en sú viðurkenning fæst endurnýjuð ef skólarnir halda áfram góðu starfi.





Markmið verkefnisins eru að:

- Bæta umhverfi skólans, minnka úrgang og notkun á vatni og orku.
- Efla samfélagskennd innan skólans.
- Auka umhverfisvitund með menntun og verkefnum innan kennslustofu og utan.
- Styrkja lýðræðisleg vinnubrögð við stjórnun skólans þegar teknar eru ákvarðanir sem varða nemendur.
- Veita nemendum menntun og færni til að takast á við umhverfismál.
- Efla alþjóðlega samkennd og tungumálakunnáttu.
- Tengja skólann við samfélag sitt, fyrirtæki og almenning.



Leikskólinn hefur verið þátttakandi í verkefninu frá haustdögum 2007 og fékk Grænfánann afhentann í fyrsta sinn 11. júní 2009. Hann hefur síðan fengið fánann til viðurkenningar virku umhverfisstarfi á tveggja ára fresti. Í skólanum starfar umhverfisnefnd með fulltrúum starfsmanna, barna og foreldra. Haldnir eru grænfánafundir með eldri börnunum þar sem fjölbreytt umræðuefni eru tekin fyrir eins og t.d. Má henda rusli hvar sem er? Afhverju á alltaf að skrúfa fyrir vatnskranann? Einnig eru þemur valdar sem taka á fyrir í grænfánaverkefninu. Börnin taka virkan þátt í flokkun og endurvinnslu innan skólans.

## Jákvæður agi

Á vormánuðum 2013 var ráðist í að innleiða Jákvæðan aga á leikskólanum. Jákvæður agi kennir félagsfærni og lífsleikni og að mistök séu til þess að læra af þeim. Agi sem snýr að ungum börnum snýst um hvað hinn fullorðni vill gera. Hann fylgir þeim ákvörðunum með góðvild og festu í stað þess að búast við að barnið hegði sér vel. Þegar barnið þroskast og eflir getu sína, verður það þátttakandi í því ferli að finna lausnir og setja mörk. Meginreglur Jákvæðs aga hjálpa til við að byggja samband væntumþykju og virðingar og þær auðvelda að finna lausnir til frambúðar. Mikill munur er á milli löngunar og þarfa og í Jákvæðum aga er miðað við að strax frá fæðingu hafi hvert barn fjórar grunnþarfir:



1. Þörf fyrir að tilheyra/skipta máli og vera einhvers virði. Mikilvægt er fyrir börn að vita að þau séu viðurkennd fyrir það hver þau eru í stað þess að einblínt sé á hvað þau geta eða hvernig þau hegða sér.
2. Þörf fyrir að skilja eigin getu eða hæfileika. Börn átta sig á eigin getu og hæfileikum þegar þau fá tækifæri til að spreyta sig sjálf og æfa og upplifa ákveðna færni eða getu.

3. Þörf fyrir persónulegt vald og sjálfstæði. Þegar börn fá tækifæri til að leita lausna, læra lífsleikni, sýna virðingu og vinna með öðrum, upplifa þau persónulegt vald og sjálfstæði.
4. Þörf fyrir félagsfærni og lífsleikni. Börn þurfa kennslu og æfingu í samskiptum og lífsleikni, þannig öðlast þau færni.



Jákvæður agi byggir á kennslu, skilningi, hvatningu og samskiptum, en ekki refsingum og mikil áhersla er á virðingu og jákvæðni í samskiptum allra sem tengjast leikskólanum.

## Námssvið leikskóla



### Læsi og samskipti

Læsi og samskipti í leikskóla fela í sér að setja orð á athafnir, hluti, hugsanir og tilfinningar. Kennarar eru fyrirmyndir barnanna og því er mikilvægt að þeir noti fjölbreyttan orðaforða í samræðum og samskiptum við þau. Starfsfólk leikskólans nýtir sér læsisstefnuna Læsi er lykillinn en með henni má skipuleggja kennslu og foreldrar geta einnig fundið þar leiðbeiningar til að örva læsi og samskipti heima fyrir.

Til að skapa sem fjölbreyttust tækifæri til tjáningar og samskipta er boðið upp á bóklestur, söngstundir, dans, íþróttir, vettvangsferðir, útiskóla, alls konar sköpun og samræður í gegnum leikinn. Haldnir eru barnafundir og grænánafundir þar sem er rætt um þau málefni sem efst eru á baugi í starfi leikskólans hverju sinni. Börnin fá þjálfun í að tjá sig fyrir framan aðra, skiptast á skoðunum, hlusta og bíða eftir að röðin komi að þeim.

Lögð er áhersla á málörvun við hæfi hvers og eins. Börnin auka við orðaforða sinn með fjölbreyttum umræðuefnum og merkingu einstakra orða og hvernig hægt er að nota þau í ólíkum setningum. Starfsfólk skólans notar líka Lubba og máhljóðin til að kenna íslensku máhljóðin, bæði með því að syngja Lubbalögin og gera hljóðin með hreyfingum.

Læsi er gert sýnilegt með því að hafa bókstafi, tölustafi og form á veggjum leikskólans ásamt sjónrænu skipulagi. Einnig fá börnin mörg tækifæri til að æfa sig í ritun með því að teikna og skrifa eigin sögur með táknum og bókstöfum sem þau kunna.

Hér er slóð á heimasíðu „Læsi er lykillinn“ <https://lykillinn.akmennt.is> en við skólann er læsisnefnd sem fylgir eftir stefnunni, kynnir fyrir öðru starfsfólki hvað við erum að gera, hvernig og metur í kjölfar hvernig gengið hefur. Nefndin er einnig í samstarfi við starfsfólk grunnskólans til að tryggja samfellu í námi milli skólastiga.



## Heilbrigði og vellíðan

Eitt markmið heilsustefnunnar er að venja börn snemma við heilbrigða lífshætti með það í huga að þeir verði hluti af lífstíl þeirra til framtíðar. Það er mikilvægt á að börnin fái hollan og næringarríkan mat úr öllum fæðuflokkum daglega. Fræðsla um hollt mataræði og heilbrigða lífshætti fer fram í daglegu starfi og líka í verkefnavinnu og hópastarfi. Einnig er lögð áhersla á að kenna börnunum hreinlæti og daglega umhirðu.

Mikilli og fjölbreyttri hreyfingu er gert hátt undir höfði og hvert tækifæri notað til að ýta undir hreyfigleði barnanna og efla líkamsvitund þeirra. Íþróttasalurinn er vel nýttur fyrir bæði skipulagða og frjálsa hreyfingu, þar er nóg pláss til að hlaupa, dansa og fara í leiki. Börnin leika sér úti á hverjum degi á vel búnu leiksvæði og fara líka í gönguferðir um nágrennið. Með hreyfingu aukum við þol, snerpu, úthald, jafnvægi, samkennd, gleði og orðaforða ásamt því að stuðla að betra andlegu jafnvægi barnanna og kenna þeim mikilvægi slökunar og hvíldar.

Andleg vellíðan er jafn mikilvæg og sú líkamlega og því ber starfsfólki að vinna í anda Jákvæðs aga, sem skapar jákvætt andrúmsloft vinsemdar, stöðugleika, tillitssemi og gagnkvæmrar virðingar þar sem öllum á að geta liðið vel. Við leggjum áherslu á að börnin læri að leysa úr ágreiningsmálum, séu heiðarleg og hreinskilin í samskiptum og erum dugleg að hrósa og hvetja.



## Sjálfbærni og vísindi

Líkt og fram kemur í Aðalnámskrá byrja börn snemma að kanna og reyna að skilja umhverfi sitt og nota til þess öll skynfærin, flokka, bera saman, rannsaka og draga ályktanir. Kennararnir fylgjast með því sem þau eru að fást við og styrkja skilning þeirra á hugmyndum og hugtökum.



Þar sem við erum heilsu- og grænánaleiksskóli eru allar aðstæður sem bjóðast nýttar til að kanna náttúruna og er nánasta umhverfi mikið notað til náms og fróðleiks. Börnin kynnast endurvinnslu og mikilvægi hennar og þau eru hvött til frekari rannsókna og tilrauna. Þau geta ræktað bæði úti og inni, t.d. blóm, paprikur, kál og kartöflur. Stærðfræðivinnan verður vísindaleg þegar unnið er með mynstur, flokkun, mælingar og tilraunir með mismunandi eiginleika alls kyns efniviðar sem finna má jafnt í skólanum sem og utandyra.

Ljósaborð, skuggamyndir, stækkunargler, smásjár og smíðatól breyta hversdagslegum hlutum í eitthvað nýtt og spennandi sem aftur ýtir undir nýjar uppgötvanir og rannsóknir.

Við búum svo vel að hafa náttúruna svo að segja við þröskuldinn og nýtum okkur það allan ársins hring í leik og starfi. Börnin fylgjast með árstíðaskiptum og þeim breytingum á umhverfinu sem fylgja og endurskapa reynslu sína með tilraunum og listavinnu úr efniviði náttúrunnar. Haldið er í gönguferðir, langar og stuttar, lært hvað fjöllin í kring heita, trén, blómin, skordýrin og húsdýrin og fylgst er með hringrás náttúrunnar.

## Sköpun og menning

Sköpun er ein af þremur undirstöðum Heilsustefnunnar. Þar segir að barn hafi mikla þörf fyrir að skapa og sé að skapa allar stundir í leik sínum. Mikilvægt er að vinna með fjölbreytt tjáningarform listsköpunar. Aðalnámskráin segir að áhersla skapandi starfs þurfi að vera á ferlinu sjálfu, gleðinni, tjáningunni og náminu sem eigi sér stað þegar hugmyndir, tilfinningar og ímyndun barna fá að njóta sín. Börnin prófa sig áfram með efnivið, gera tilraunir og þjálfa upp færni í að koma hugmyndum sínum á framfæri í máli, myndum, söng og leikrænni tjáningu á eigin forsendum. Sköpunin fer fram gegnum leik, umræður, hreyfingu, tónlist, leiklist, myndsköpun, dans og fleira.



Frjálsum leik og listsköpun er gefinn rúmur tími í dagskipulagi skólans og þess gætt að fjölbreyttur efniviður sem vekur forvitni og rannsóknarlöngun barnanna sé aðgengilegur. Börnin fara a.m.k. einu sinni í viku í myndlistarherbergi og svo er pappír, litir, skæri og lím alltaf aðgengilegt fyrir eldri börnin.



Mikilvægt er að leikskólastarf í nútímasamfélagi endurspegli þann margbreytileika mannlífs sem þar er að finna. Því er miðað að því að hafa starf leikskólans fjölmenningslegt samhliða því að kynna íslenska menningararfleifð. Fjölmenningsarvika er reglulega haldin í leikskólanum þar sem fjallað er um heimalönd barna og starfsmanna af erlendum uppruna og það er líka hægt að velja sér lönd til að fræðast um. Börnin heyra sögur, þulur og ævintýri og syngja vísur og kvæði.

Þau skapa líka sína eigin menningu með bulluvísu, sögugerð og myndlist. Ferðir og viðburðir á vegum leikskólans eru oft á tíðum menningartengdar t.d. ferðir á söfn, sveita- og fjöruferð og aðkeyptar leiksyningar svo eitthvað sé nefnt. Einnig er haldið upp á daga sem tengjast menningu okkar Íslendinga eins og dag íslenskrar tungu og dag íslenskrar náttúru, lýðveldisdaginn, sumardaginn fyrsta og öskudag. Karla- og konukaffi í tengslum við bónda- og konudag hafa líka fest sig í sessi auk þess sem viðburðir tengdir barnamenningu eru haldnir líkt og bangsadagur og ævintýradagur.

## Lýðræði og jafnrétti í leikskólastarfi

Á leikskólanum er leitast við að skapa börnunum tækifæri til að upplifa lýðræðisleg vinnubrögð og samskipti í daglegu starfi. Reynt er að taka mið af sjónarmiðum þeirra við skipulagningu leikskólastarfs og gefa þeim þannig tækifæri til að taka þátt í ákvörðunum um verkefni og vinnubrögð.

Agastefna leikskólans, Jákvæður agi, er eitt af því sem stuðlar að lýðræði og jafnrétti í daglegu starfi. Barnafundir eru eitt af verkfærum Jákvæðs aga, þar sem börnum eru kynnt lýðræðisleg vinnubrögð. Eldri börnin halda barnafundi einu sinni í viku. Barnafundirnir eru góður

vettvangur fyrir þau til að æfa gagnkvæma virðingu og vináttu og læra að allir hafi jafnan rétt til tjáningar og sjálfstæðra skoðana. Eftir því sem börnin verða vanari barnafundum geta þau sjálf sett mál á dagskrá þar. Börn horfa á sér eldri börn, fullorðna fólkið í kringum sig og læra af þeim og því er lögð áhersla á að vera góðar fyrirmyndir.

Í daglegu starfi er þess gætt að öll börnin fái tækifæri til að leika sér með efnivið sem þau hafa áhuga á, óháð kyni eða öðru. Á leikskólanum eiga allir að vera jafnir og geta tekið þátt á eigin forsendum.



Eldri börnunum eru fengin hlutverk vikulega þar sem þau hafa umsjón með ákveðnum verkum. Hvert barn fær titil í eina viku í senn; borðstjóri, skemmtanastjóri, forstofuvörður og fleira. Þetta þjálfar þau í að taka ábyrgð á ólíkum verkefnum og eflir víðsýni þeirra og skilning á ólíkum hlutverkum í lífinu. Unnið er eftir jafnréttisáætlun sem starfsfólk skólans hefur mótað og einnig hafa verið settar grunnvinnureglur er varða eineltismál er upp kunna að koma.

### Jafnréttisáætlun

Jafnréttisáætlun leikskólans á við nemendur, foreldra, kennara og aðra starfsmenn leikskólans. Hún nær til jafnréttis kynjanna samkvæmt lögum nr. 10/2008, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, auk þess tekur hún til annarra skilgreindra hópa sbr. jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar 65. gr.laga nr.33/1944:

*„Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti. Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna”.*

Mikilvægt er að tryggja jafnrétti í víðum skilningi til að hæfileikar allra fái notið sín og leikskólinn njóti þess mannaúts sem býr í hverjum og einum.

Meginmarkmið stefnu Álfasteins í jafnréttismálum eru:

- Að stuðla að jafnrétti kynjanna á sem víðtækustum grunni.
- Að koma fram við alla kennara, starfsmenn, foreldra og nemendur af virðingu.
- Að gæta jafnréttis í öllu starfi.
- Að leggja áherslu á að hafa kynjasambættingu að leiðarljósi við skipulagningu og mótun stefnu skóla. Þ.e.a.s. að sjónarmið beggja kynja komi fram og séu jafn rétt há.
- Að leggja áherslu á góðan staðblæ, sem hvetur til góðra og skapandi verka.

Jafnréttisáætlunina í heild sinni má finna [hér](#).

### Fjölmeningarstefna

Mikilvægt er að leikskólastarf í nútíma samfélagi endurspegli þann margbreytileika mannlífs sem þar er alla daga ársins. Fjölmeningarlegt leikskólastarf tekur mið af því að öll erum við ólík en allir geta verið með á sínum forsendum. Í því felst meðal annars að:

- Fjölbreytileiki samfélagsins er viðurkenndur það er í lagi að vera ólíkur öðrum.
- Nám, kennsla og samskipti eru án fordóma.
- Starfsfólk leikskóla vinnur með eigin viðhorf.
- Starfsfólk fer fjölbreyttar leiðir í samskiptum við fjölskyldur og fjölbreytt fjölskylduform eru viðurkennd.
- Virðing er borin fyrir öllum.
- Börn læra um menningu hvers annars.
- Lögð er áhersla á að efla samvinnu og samkennd í barnahópnum.
- Leitast er við að byggja upp jákvæða sjálfsmynd allra barna þannig að þau geti sýnt styrkleika sinn og þekkingu.
- Leikefni og umhverfi barnanna er fjölbreytt.
- Unnið er með ólík tungumál og ritmál.
- Kennarar þekkja leiðir til að kenna íslensku sem annað mál (myndrænt).



Fjölmeningarstefnan var mótuð til að auðvelda börnum og fjölskyldum þeirra af erlendum uppruna að hefja leikskólagöngu. Stefnan er sett fram á þann hátt að hægt sé að taka á móti fjölskyldu þar sem hvorki barn né foreldrar tala íslensku. En tali foreldrar íslensku, auðveldar það samskipti og þá er nýtt úr stefnunni það sem þörf er á hverju sinni. Stefnuna í heild sinni má finna [hér](#).

### **Leikur og nám**

Leikur er meginnámsleið barna. Hann skapar þeim tækifæri til að læra og skilja umhverfi sitt, tjá hugmyndir sínar, reynslu og tilfinningar og þróa félagsleg tengsl við önnur börn. Þau taka þátt í lýðræðislegum athöfnum þegar þau setja fram eigin hugmyndir og þurfa jafnframt að skilja hlutina frá sjónarmiði annarra. Í leik skapast vettvangur þar sem spurningar vakna og börn leysa á eigin forsendum vandamál sem upp koma. Í leik eflast vitræni og skapandi þættir. Leikurinn kallar á fjölbreytta notkun tungumálsins, hreyfingu,





félagsleg samskipti og tilfinningatengsl. Leikur getur virkjað sköpunarkraft barna og löngun þeirra til að læra og afla sér þekkingar.

Á leikskólanum er stutt við leik barnanna með því að gera ráð fyrir skipulögðum og frjálsum leik í dagskipulaginu. Einnig eru börnunum gefin tækifæri til að velja sér viðfangsefni. Mikið af efnivið og leikefni er haft sýnilegt og aðgengilegt fyrir börnin svo auðvelt sé fyrir þau að ná sér í sjálf og ganga frá.



Húsnæði og  
búnaður leikskóla,  
útisvæði og  
nærumhverfi mynda



námsumhverfi leikskóla því leikskólabörn læra bæði úti og inni. Skipulag, hönnun og nýting námsumhverfis endurspeglar þau viðhorf og gildi sem liggja að baki leikskólastarfinu. Umhverfið er jafnframt mikilvægur áhrifaþáttur í námi barna og þarf hönnun þess, nýting og skipulag að taka mið af reynslu, áhuga og þroska ólíkra

barna. Það er til mikið af allskonar leikefni og misjafnt hvað er vinsælast hverju sinni, einu leikefni er stundum skipt út og annað gert aðgengilegra í staðinn. Aðeins eru keypt inn til leikskólans vönduð leikföng, litir, skæri og annar efniviður svo að hann endist og nýtist lengi. Leitast er við að eiga leikefni sem hentar öllum aldurshópum.

### Sérkennsla - stoðþjónusta

Öll börn eiga rétt á að sækja leikskóla og fá þar kennslu og þjónustu við hæfi. Stefna leikskólans er að öll börn hafi sömu möguleika til þátttöku í leik, nái að njóta sín sem best og fái sem mest út úr þeim verkefnum sem þau eru að takast á við.

Þegar áhyggjur vakna vegna þroska barns eða það hefur þörf fyrir aukna aðstoð, t.d. ef það á erfitt með að aðlagast hópnum eða getur ekki tekið þátt í daglegu starfi leikskólans á einhvern hátt, fer af stað ákveðið ferli. Foreldrar og kennarar ræða saman og finna í sameiningu lausn með hag barnsins í



huga. Skráningar eru gerðar og athuganir á vinnuástöðu, verklagi og umhverfi barnsins. Það fer eftir eðli málsins hvaða leið er farin og í sumum tilvikum eru teknar saman upplýsingar um barnið og tilvísun send á Fræðsluvið Akureyrarbæjar. Þar fer fram forgreining sem getur leitt til tilvísunar á Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins eða til annarra greiningaraðila. Í ljósi niðurstaðna er síðan útbúin einstaklingsnámskrá í samvinnu við foreldra og almenn ráðgjöf veitt varðandi vinnu með barninu. Kröfur eru aðlagðar að getu hvers og eins og barninu kennt að nýta styrkleika sína og hæfni. Sérkennsla í leikskóla getur m.a. falist í markvissri málörvun, þjálfun í fín- og grófhreyfingum eða félagsfærni og samskiptum.

Á Fræðsluviði Akureyrarbæjar starfar ráðgjafi sem leikskólar geta leitað til ef grunur vaknar um frávík í þroska. Hann getur t.d. komið í leikskólann og fylgst með barni í leik og starfi og gefið góð ráð og leiðbeint um íhlutun. Hann tekur á móti tilvísunum í greiningu og tekur þátt í teymisfundum barna sem eru með sérkennslu. Í sumum tilfellum þarf að vísa börnum í þjálfun til sérfræðinga eins og talmeinafræðinga, iðjuþjálfar eða í sjúkráþjálfun. Lögð er áhersla á samvinnu og samræmd vinnubrögð þessara aðila, foreldra og leikskólakennara svo að þjálfunin skili sem bestum árangri.

## Samstarf

### Foreldrasamstarf

Góð samvinna og gagnkvæmur trúnaður foreldra og starfsfólks leikskóla er forsenda þess að leikskóladvölin verði barninu ánægjuleg og árangursrík. Mikilvægur þáttur í þessari samvinnu er aðlögun, þar sem lagður er hornsteinn að góðu samstarfi foreldra og starfsfólks leikskóla. Á þessu tímabili kynnast barn og foreldrar starfsfólki leikskólans og starfsemi hans. Þegar barn byrjar í leikskóla er nauðsynlegt að hafa í huga þær breytingar sem það hefur í för með sér fyrir barnið. Það þarf að aðlagast nýju umhverfi, kynnast starfsfólki og börnum, læra að vera í hóp, hlíta reglum og fleira.

Áður en aðlögun hefst eru foreldrar boðaðir á kynningarfund með deildarstjóra og leikskólastjóra, þar sem þeim er sagt frá starfssemi leikskólans. Þá skoða þeir leikskólann og hitta starfsfólkið og fylla út upplýsingablöð og dvalarsamning og fá kynningu á Heilsubókinni. Þá er einnig rætt um tilhögun aðlögunarinnar og mikilvægi þess að annað foreldri dvelji með barninu eins og þurfa þykir.



Þremur mánuðum eftir að leikskóladvöl barnsins hefst, eru foreldrar boðaðir í samtal við leikskólakennara til að ræða hvernig barninu vegnar í leikskólanum og hvernig aðlögunin hefur gengið. Þess utan eru foreldrar boðaðir í foreldrasamtal árlega í afmælimánuði barnsins en það samtal tekur hópstjóri barnsins eða deildarstjóri. Þá eru foreldrum kynntar niðurstöður úr skráningu í Heilsubókinni og öðrum athugunum sem starfsmenn hafa gert á þroska og framförum barnsins og rætt er um hvernig barninu vegnar bæði heima og í leikskólanum. Eins geta bæði starfsmenn og foreldrar óskað eftir samtali ef þurfa þykir. Við lok leikskóladvalar barns eru foreldrar einnig boðaðir í samtal. Við upphaf vetrarstarfs eru haldnir kynningarfundir með foreldrum til að kynna þeim það sem framundan er í starfi leikskólans þann veturinn.



Foreldrar hitta starfsmenn þegar þeir koma með börn sín og sækja þau í leikskólann en mikilvægt er að sá tími sé nýttur til daglegra samskipta, sé þess kostur. Foreldrar eru alltaf velkomnir í leikskólann til að fylgjast með starfinu en einnig þarf starfsfólk leikskóla að grípa þau tækifæri sem gefast til að veita foreldrum upplýsingar um leikskólastarfið, barnið þeirra og til að hlusta á viðhorf og hugmyndir foreldra. Að sama skapi er mikilvægt að foreldrar spyrjast fyrir um starfið í leikskólanum og leikskólagöngu barna sinna. Mikilvægt er að þessir aðilar geti treyst hver öðrum, deilt sjónarmiðum sínum og tekið sameiginlegar ákvarðanir er varða börnin.

Leikskólakerfið Karellen er upplýsingakerfi fyrir foreldra sem tekið var í notkun haustið 2018. Kerfið inniheldur smáforrit sem foreldrar geta hlaðið niður í símann sinn og fylgst með ýmsum þáttum er varðar barnið. Foreldrar geta tilkynnt veikindi barns í gegnum kerfið og kennarar skrá mætingu, svefn og hvernig börnin borða. Einnig er hægt að senda myndir og einka- eða hópskilaboð í gegnum kerfið.

Við leikskólann er starfandi foreldraráð í samræmi við lög um leikskóla, kafla IV 11. gr. og sitja foreldraráðsmeðlimir jafnframt í stjórn foreldrafélagsins er nefnist Álfavinir.

### Samvinna leik- og grunnskóla í Hörgársveit



Þegar barn flyst upp í grunnskóla, eða yfir í annan leikskóla, þá fylgja því gögn varðandi námsaðlögun ef einhver eru. Grunnskólinn fær auk þess niðurstöður Hljómprófa og almenna umsögn um getu og færni barnsins. Ef að barn hefur verið í námsaðlögun í leikskólanum eru haldnir skilafundir með kennurum, foreldrum og leikskólaráðgjafa. Foreldrar fá aftur á móti Heilsubók barnsins afhenta til eignar.

Flest börnin í leikskólanum fara í Þelamerkurskóla þegar leikskólagöngu lýkur. Því hefur verið komið á samstarfi milli skólanna og fimm ára börnin, elstu nemendur leikskólans, fara í nokkrar heimsóknir í Þelamerkurskóla yfir veturinn. Þá skoða þau skólann, hitta nemendur og kennara og fá innsýn í grunnskólastarfið. Að minnsta kosti einu sinni á vetri koma svo nemendur 1. og 2. bekkjar í heimsókn í leikskólann og í maí fara fimm ára börnin með foreldrum sínum í heimsókn í grunnskólann. Einnig fá þau boð á skemmtun í Þelamerkurskóla sem er síðasta skóladag að vori. Á skólaslitum grunnskólans bjóða eldri bekkingar og skólastjóri þau svo formlega velkomin sem verðandi fyrstu bekkinga næsta haust.

Tengsl leikskóla og grunnskóla er samstarfsverkefni barna, foreldra, kennara og annars starfsfólks beggja skólastiga, þar sem barnið, velferð þess, þroski og menntun eru í brennidepli. Kennarar á báðum skólastigum eiga að kynna sér hvers annars nám og starfsaðferðir, leita leiða til að móta samstarf og skapa samfellu í námi barna í því augnamiði að auka sjálfstraust þeirra og styðja við nám þeirra. Kennarar elstu barna leikskólans fara með þeim í allar heimsóknir í grunnskólann og kynna sér starfið þar í leiðinni.



### **Samstarf við nærsamfélagið**

Starfsfólk leikskólans á í margþættu samstarfi við margar stofnanir í nærsamfélaginu. Samstarf er á milli leikskóla sem hafa valið sér Jákvæðan aga sem agastefnu, það eru haldnir fundir reglulega þar sem starfsfólk ber saman bækur sínar. Heilsuleikskólar á öllu landinu eru með samtök sem að halda fund einu sinni á ári. Þar sem við erum grænfána leikskóli förum við á grænfánafundi með Landvernd ásamt öðrum grænfánaskólum. Leikskólinn er líka í góðu samstarfi við skrifstofu Hörgársveitar. Tónlistarkennari frá Tónlistarskóla Eyjafjarðar kennir elstu árgöngunum einu sinni í viku.

Einnig er mikil samvinna við næsta bæjarfélag sem er Akureyri en þar er samvinnan víðtæk bæði fyrir skólastjóra, kennara og börnin í leikskólanum. Skólastjóri sækir fundi með öðrum leikskólastjórum og getur fengið sérfræðiaðstoð frá fræðsluviði, barnavernd og heilsugæslunni. Aðstoðarskólastjóri fundar reglulega með öðrum aðstoðarskólastjórum á Akureyri. Sérkennslustjóri fundar með öðrum sérkennurum og á í nánú samstarfi við talmeinafræðinga og sálfræðinga. Börnin fara reglulega í heimsóknir á Minjasafnið, Listasafnið og Amtsbókasafnið á Akureyri og elstu börnin eru í samstarfi við slökkviliðið, svo eitthvað sé nefnt.



## Mat á starfi leikskólans

### Námsmat

Mat á námi, þroska og velferð barna felur í sér að safnað er upplýsingum um það sem börn fást við og hafa áhuga á; hvað þau vita, geta og skilja. Um er að ræða ferli sem á að vera samþætt daglegu starfi leikskólans og fela í sér skipulagningu, skráningu, mat og ígrundun á námi, þroska og velferð barna. Markmið mats er að auka þekkingu og skilning leikskólakennara og annars starfsfólks, foreldra og barna á þroska barna, námi og líðan.

Börn sýna getu, þekkingu, hæfni og áhuga á ólíkan hátt og þar af leiðandi þarf matið að vera einstaklingsmiðað og til þess gert að efla hvert barn. Foreldrar búa yfir mikilvægum upplýsingum og þekkingu á börnum sínum og eiga að taka þátt í mati á líðan þeirra og námi.

Eftirfarandi tafla sýnir þau matstæki sem notast er við og til hvaða þátta þau taka:



Matstæki	Matsþættir	Lagt fyrir
Heilsubók barnsins	Heilsufar, næring og sjálfshjálp, lífsleikni, hreyfing, listsköpun og félagsþroski	Öll börn í afmælistánuði barnsins og sex mánuðum síðar
Hljóm-2	Hljóðkerfis- og málmeðvitund barna	Börn í elsta árgangi í september og febrúar
EFI-2	Málþroski	Börn á fjórða aldursári
MÍÓ	Hugtaka- og talnaskilningur, þekking á formum og líkamshlutum	Tveggja til fimm ára börn á miðju aldursári hverju sinni
Upplýsingablað fyrir grunnskóla	Mat á félagslegri stöðu og þroska barnsins	Unnið að vori áður en barnið fer í grunnskóla
Samtal barna og deildarstjóra	Upplifun barna á leikskóladvölinni	Vorið áður en börnin fara í grunnskóla

## Innra mat

Innra mati á leikskólastarfi er ætlað að veita upplýsingar um starfshætti leikskólans, stuðla að umbótum og auknum gæðum og vera liður í þróun skólustarfs í leikskólum. Með kerfisbundnu mati er greint hvað gengur vel og hvað miður og síðan teknar ákvarðanir um umbætur á grundvelli niðurstaðna.

Mat á starfi leikskólans á að taka mið af þeim markmiðum og gildum sem fram koma í lögum, reglugerðum og Aðalnámskrá leikskóla. Jafnframt tekur innra mat mið af starfsaðferðum og sérstöðu hvers leikskóla sem fram koma í skólanámskrá.

Innra mat Álfasteins er samkvæmt eftirfarandi skipulagi:

- Einu sinni á hverri önn skrifa kennarar umsögn um hópastarfið þar sem kemur fram mat á því hvort áætlun kennara hafi gengið eftir og hvernig markmiðum hópastarfsins var náð.
- Annað hvert ár er gerð grænánaskýrsla. Þar er farið yfir það sem gert hefur verið og tengist grænánaverkefni síðustu tveggja ára.
- Starfsmannasamtöl eru tekin árlega. Leikskólastjóri og starfsmaður líta yfir farinn veg. Starfsmaður setur sér markmið vegna símenntunar og setur fram óskir um vinnutilhögun næsta árs.
- Starfsmannakönnun er gerð annað hvert ár þar sem lagt er mat á líðan starfsmanna, tengsl við aðra starfsmenn og starfsandann.
- Matslisti Jákvæðs aga er útfylltur af starfsfólki árlega. Þar leggur hver og einn mat á hvernig gengið hefur að vinna samkvæmt Jákvæðum aga, og hvað þarf að bæta til að ná betri tókum á agastefnunni.
- Gátlistar frá samtökum Heilsuleikskóla eru yfirfarnir einu sinni á ári til að meta t.d. hvort hreyfing og sköpun fái nægt vægi í starfinu.
- Starfsáætlun er gerð fyrir hvert haust. Leikskólastjóri tekur saman alla þætti í starfsemi leikskólans, ásamt tölulegum upplýsingum eins og fjölda barna, starfsfólks o.fl. og lagt er mat á hvernig gekk síðasta ár.

## Ytra mat

Ytra mat Álfasteins er samkvæmt eftirfarandi skipulagi:

- Annað hvert ár er lögð könnun fyrir foreldra þar sem spurt er um ýmsa þætti í starfinu og upplifun foreldra á þeim.
- Foreldrasamtöl eru árlega í afmælistíð barnsins. Þá er farið yfir Heilsubók barnsins, foreldrar segja frá sinni upplifun af starfinu og koma með ábendingar.
- Leikskólaráðgjafi, leikskólafulltrúi og sérkennsluráðgjafi frá skóladeild Akureyrarbæjar heimsækja leikskólann einu sinni til tvisvar á ári, oftast ef þurfa þykir, fylgjast með starfsemi leikskólans og gefa leikskólastjóra skýrslu um heimsóknina.
- Næringarráðgjafi yfirfer matseðla leikskólans reglulega.

- Starfsmaður á vegum Landverndar, sem er fulltrúi Grænfánaverkefnisins, kemur og tekur út starfið sem hefur verið unnið síðustu tvö ár á undan.
- Heilbrigðiseftirlitið kemur árlega og tekur út húsnæði og búnað, bæði inni og úti.
- Eldvarnareftirlitið kemur árlega og tekur út eldvarnir leikskólans. Securitas tekur út brunavarnakerfi leikskólans einu sinni á ári.
- Neyðarlýsing í leikskólanum er tekin út árlega af Ljósgefjafanum.
- Aðalskoðun leiksvæðis er framkvæmd einu sinni á ári af BSI á Íslandi. Einnig yfirfer umsjónarmaður fasteigna sveitarfélagsins lóð og útileiktæki leikskólans á þriggja mánaða fresti.



## Lög og reglugerðir

Leikskólinn starfar samkvæmt [lögum um leikskóla](#) og [barnaverndarlögum](#).

Námskráin var síðast endurskoðuð í janúar 2022.